

Landmótun ehf.
Yngvi Þór Loftsson
Nýbýlavegi 6
200 Kópavogur

2002090040
5508; 9310

Reykjavík, 6. nóvember 2002
/--

Efni: Uppbygging þjónustusvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erinda Landmótunar dags. 15. september og 2. október 2002 fyrir hönd Húnaþings vestra þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt uppbygging þjónustusvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 12d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Húnaþings vestra, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Húnaþingi vestra með bréfi dags. 8. október 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. október 2002, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 22. október 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 15. október 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 31. október 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að verið sé að vinna deiliskipulag af svæði umhverfis Arnarvatn stóra í Húnaþingi vestra. Meginmarkmið skipulagsvinnunar sé að auka og bæta ferðaþjónustu með því að byggja upp aðstöðu á afmörkuðum svæðum vestan vatnsins og taka þannig tillit til sérstöðu svæðisins, náttúru- og söguminja. Ennfremur sé stefnt að því að vernda viðkvæm svæði fyrir átroðningi, m.a. með því að koma í veg fyrir akstur utan vega. Arnarvatnsheiði sé á náttúruminjasrá og jafnframt sé svæðið í kringum Arnarvatn stóra skilgreint sem hverfisverndað svæði samkvæmt Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 en þar sé gert ráð fyrir skálasvæði sem sé skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Fram kemur að samkvæmt Svæðisskipulagi miðhálandisins 2015 sé umhverfi Arnarvatns stóra skilgreint sem náttúruverndarsvæði. Náttúruverndarsvæði nái yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálandisins en gert sé ráð fyrir skálasvæðum þar sem nokkur uppbygging geti

farið fram að undangengnu deiliskipulagi. Fram kemur að samhliða vinnu við svæðisskipulag Miðhálandisins hafi farið fram svæðisskráning á fornleifum. Engar minjar séu skráðar í nágrenni við skálasvæðið við Arnarvatn stóra.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í samræmi við það svigrúm sem fyrirbyggjandi skipulag gefi tilefni til sé lagt til að meginuppbygging verði á tveimur stöðum á svæðinu, annars vegar í næsta nágrenni við núverandi gangnamannaskála og hins vegar nokkuð sunnan hans. Fram kemur að til viðbótar núverandi gangnamannaskála með 20 gistirýmum hafi verið byggðir tveir litlir svefnskálar með 4 gistirýmum hvor. Snyrting með hreinlætisaðstöðu sé tengd rotþró austan við byggingarnar. Nýr, 30 m² skáli, með gistirými fyrir 8 manns hafi verið fluttur á svæðið og settur niður til bráðabirgða. Heildarfjöldi gistirýma sumarið 2002 hafi verið 36.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð uppbygging felist í byggingu tveggja um 12 m² svefnskála sitthvoru megin við núverandi gangnamannaskála auk fyrrnefnds 8 manna skála sem verði staðsettur austar á svæðinu. Skálarnir verði sambærilegir að stærð og útliti með gistingu fyrir 4. Fyrirhuguð sé endurnýjun og stækkun núverandi gangnamannaskála m.a. verði gistirýmum fjölgað um 14 og miðað að því að hann nýtist sem alhliða þjónustuhús með gisti- og eldunaraðstöðu. Gistirými verði fyrir um 60 manns að uppbyggingu lokinni. Bæta þurfi snyrtiaðstöðu, færa rotþró fjær húsunum og aðskilja aðgerðarborð frá snyrtihúsi. Til greina komi að landvörður verði staðsettur í þeim skála sem næst verði aðkomu. Gert sé ráð fyrir samtals 23 bílastæðum, 10 við þjónustumiðstöð og 13 við gistiskálana. Fram kemur að á deiliskipulagsupphætti sé sýnt mögulegt viðbótarsvæði fyrir skála en að svo stöddu sé talið að sú uppbygging, sem deiliskipulagið geri ráð fyrir, nægi um langa framtíð. Auk fyrrnefndrar uppbyggingar verði byggt upp tjaldsvæði og aðstaða fyrir tjaldvagna, sunnan við gangnamannaskálann, með aðkomu frá Arnarvatnsheiðarvegi. Þar sé nú þýft graslandi sem útbúa megi sem grasflatir fyrir tjaldstæði og tjaldvagna. Ennfremur sé gert ráð fyrir að bæta aðgengi og núverandi siglingaaðstöðu við Arnarvatn með því að koma upp færanlegri bryggju og útbúa bílastæði. Fram kemur að framkvæmdaraðili telji ekki að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Húnaþings vestra, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Frárennsli og sorp

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands kemur fram að stofnunin óski eftir að frekari grein verði gerð fyrir stærð og legu fyrirhugaðrar rotþróar og siturlagnar frá henni. Ennfremur að gerð verði grein fyrir tæmingu rotþróar og sorphirðu á svæðinu. Þá verði gerð grein fyrir mati á fyrirhugaðri neysluvatnspörf með aukinni starfsemi og með hvaða hætti henni verði mætt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að miðað við þá uppbyggingu sem sé áætluð á svæðinu sé þörf á stækkun rotþróar í allt að 12.000 m³ með tilheyrandi siturlögn. Eins og fram komi í deiliskipulagstillögunni verði rotþróin færð fjær bústöðunum. Frágangur og gerð rotþróar, siturlagnar og frárennslislagna verði gerð í samráði við heilbrigðiseftirlit og skv. ákvæðum heilbrigðisreglugerðar og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins. Allt sorp og

innihald rotþróar verði flutt af svæðinu og komið fyrir á móttökustöðum fyrir sorp á vegum sveitarfélagsins. Fram kemur að aflað verði vatns fyrir svæðið annars vegar með dælingu úr Arnarvatni fyrir hreinlætisaðstöðu og hins vegar verði vatni safnað í lind til neysluvatnsnotkunar. Vatnsbólið verði fært vestur fyrir veginn þar sem aðrennsli sé utan við mannvirkjasvæðið. Frágangur og fyrirkomulag á brunnsvæði aðrennslissvæðisins og veitu vatnsins verði í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Fornleifaskráning

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að markmið þeirrar svæðisskráningar sem hafi farið fram sé að gefa heildaryfirlit yfir ástand og eðli menningarminja á svæðinu og sé undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa sem felist í vettvangsvinnu og miði að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Þótt fengnar séu vísbendingar um fornleifar á svæðinu með svæðisskráningu sé nauðsynlegt að fram fari vettvangsskráning eins og lög geri ráð fyrir svo að hægt sé að meta með vissu hvort fornleifum stafi hættu af framkvæmdinni. Fram kemur að Fornleifavernd ríkisins geri þá kröfu að slík skráning fari fram en setji það ekki sem skilyrði að formlegu mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þær minjar sem hafi verið skráðar af Fornleifastofnun Íslands í tengslum við svæðisskipulag Miðhálandisins séu allar austan við vatnið. Af náttúrufarslegum ástæðum hafi aðgengi um Víðidalstunguheiði og frá Skagfirðingavegi um Réttarvatn verið betra að austanverðu en þegar vegur hafi verið lagður úr Austurárdal að Arnarvatni stóra um 1980 hafi nýting svæðisins breyst og uppbygging færst vestur fyrir vatnið. Því sé talið ólíklegt að fornminjar finnist á fyrirhugðuðu framkvæmdasvæði. Fram kemur að leitað hafi verið til forstöðumanns Byggingasafns Húnvetninga og Strandamanna um vettvangsskráningu á væntanlegu framkvæmdasvæði. Skráningin muni verða gerð í samráði við minjavörð Norðurlands vestra.

Náttúrufar

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji að frekari upplýsingar þurfi að liggja fyrir um líkleg umhverfisáhrif framkvæmdanna, gróðurfar á svæðinu og fuglalíf. Byggt á þeim gögnum sem lögð séu fram í greinargerð með deiliskipulaginu, og að teknu tilliti til staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda, telur stofnunin að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir séu fyrirhugaðar á svæði sem sé á náttúruminjaskrá, m.a. vegna gróðurfars og fuglalífs. Því ættu náttúrufarsupplýsingar að liggja fyrir svo hægt sé að meta hvort umtalsverð umhverfisáhrif verði af framkvæmdinni og hvort aðrir kostir séu betri en þeir sem kynntir hafi verið. Erfitt sé að ákvarða, byggt á þeim gögnum sem Náttúruvernd ríkisins hafi, hvort líkur séu á að mikilvæg gróðursvæði og/eða búsvæði fugla verði fyrir umtalsverðum áhrifum. Fram kemur að stofnunin telji ennfremur að vegna sérstöðu svæðisins, miðað við önnur gróðurlendi á hálendi Íslands, megi færa rök fyrir því að burðarþol þess sé engu meira. Sú staðreynd að svæðið skeri sig úr vegna betri gróðurþekju geri það þeim mun mikilvægara. Ágangspól gróðurlendissvæða á hálendi Íslands sé lítið og því kunnir rask af framkvæmdum, þó litlar séu að umfangi, að hafa mikil áhrif. Náttúruvernd ríkisins ítreki stuðning sinn við þau meginmarkmið sem lögð séu til grundvallar við gerð deiliskipulagsins, þó fyrirvari sé settur við aukningu á bátaumferð og aukinni byggð. Hins vegar verði að tryggja að rétt sé staðið að málum á viðkvæmum verndarsvæðum sem þessum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að með deiliskipulagstillögu sé markmiðið að þjappa þjónustunni og þar með framkvæmdum innan afmarkaðs svæðis, bæta frágang og stýringu umferðar og færa ástand svæðisins í betra horf. Slitfletir á vegum, stígum og umhverfi skála og tjaldsvæða verði með frágangi sem hæfi umhverfinu og í samræmi við þann fjölda sem sæki staðinn. Með auknu og bættu gistirými í skálum sé leitast við að sem flestir gisti þar en tjaldgestum fækki sem sé til bóta fyrir hálendissvæði eins og Arnarvatn stóra. Engin eiginleg tjaldaðstaða sé á svæðinu í dag og því dreifist tjaldgestir á stórt svæði. Með því að ganga frá tjaldsvæði sé stuðlað að því að tjaldað verði á afmörkuðu svæði og í tengslum við þá þjónustu sem sé fyrir. Fram kemur að ekki liggi fyrir skýrslur um náttúrufar sem fjalli sérstaklega um næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði og almennt megi segja að náttúrufar Arnarvatnsheiðar hafi ekki verið rannsakað á markvissan hátt. Þó liggi nokkrar upplýsingar fyrir um náttúrufar heiðasvæðanna, m.a. Arnarvatnsheiði, sem Náttúrufræðistofnun Íslands hafi safnað saman, sem hafi verið nýttar sem forsendugögn vegna svæðisskipulags Miðhálandisins. Á gróðurkort Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins frá 1970 komi fram að krækilyng og víðir séu ríkjandi gróðurlendi á fyrirhugaðu framkvæmdasvæði. Gróðurþekja þessara gróðurlenda sé almennt meiri en mosagróðurs, jarðvegurinn dýpri og slitþol þeirra sé meira. Þessi gróðurflokkur sé því ekki eins viðkvæmur og mosagróðurinn, og þoli því meiri ágang. Svæðið sem ætlað sé undir nýja skála sé mjög grýtt. Fjær skálasvæðinu sé mosapemba með smárunnum á afmörkuðum svæðum en ekki séu stór, samfelld votlendissvæði. Votlendissvæði séu norðan og vestan til á Arnarvatnsheiðinni og þar sé fuglalíf því fjölbreyttara. Fram kemur að beitarálag m.a. á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi minnkað verulega og að sama skapi megi ætla að ástand gróðurs hafi batnað. Ekki verði séð að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi umtalsverð áhrif á mikilvæg gróðursvæði og búsvæði fugla. Fram kemur að tillaga um að boðið verði upp á bátsferðir um vatnið fyrir veiðimenn sé hugsuð til þess að draga úr óþarfa umferð bíla á veiðistaði vestan og sunnan við vatnið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu þjónustusvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra. Framkvæmdin felst í uppsetningu þriggja svefnskála, stækkun og endurnýjun núverandi gangnamannaskála, bættri snyrtiaðstöðu, stækkun rotþróar og siturlagnar, gerð bílastæða auk uppbyggingar tjaldsvæðis og aðstöðu fyrir tjaldvagna. Ennfremur er gert ráð fyrir að bæta aðgengi og núverandi siglingaaðstöðu við Arnarvatn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12d í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru fyrir nokkrir gistiskálar með gistirými fyrir rúmlega 30 manns og gert er ráð fyrir gistirými í skálum fyrir tæplega 60 að lokinni uppbyggingu. Samkvæmt aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 er gert ráð fyrir skálasvæði vestan Arnarvatns stóra á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandisins 2015 er svæðið skilgreint sem náttúruverndarsvæði en gert er ráð fyrir skálasvæðum innan þeirra svæða þar sem nokkur uppbygging geti farið fram að undangengnu deiliskipulagi. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er áætlað að fyrirhuguð uppbygging á framkvæmdasvæðinu sé nægileg til framtíðarnota. Uppbyggingin muni fara fram í samræmi við deiliskipulagstillögu og miði tillagan að því að auka og bæta ferðþjónustu á afmörkuðum

svæðum og vernda viðkvæm svæði fyrir átroðningi. Skipulagsstofnun telur að æskilegt hefði verið að fyrir lögju frekari upplýsingar um náttúrufar fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, byggðar á rannsóknum, sérstaklega í ljósi þess að svæðið er lítt raskað hálandissvæði. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að með því að takmarka uppbyggingu á afmörkuðum svæðum að undangengnu deiliskipulagi og með tilliti til þeirra upplýsinga um gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem eru fyrirbyggjandi sé ólíklegt að rask á gróðri og fuglalífi verði verulegt. Þá telur Skipulagsstofnun að nægilegar upplýsingar um fornleifar muni liggja fyrir að lokinni vettvangsskráningu fornleifa á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í samráði við minjavörð Norðurlands vestra eins og fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur að það fyrirkomulag og boðað samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra sem kynnt er í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hvað varðar frárennismál og sorphirðu sé fullnægjandi og til þess fallið að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á náttúrufar á og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging þjónustusvæðis við Arnarvatn stóra, Húnaþingi vestra sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Húnaþings vestra skv. 27. gr. laga nr. 73/1997 m.s.b. Auglýsa þarf deiliskipulag áður en frekari framkvæmdir við uppbyggingu svæðisins verða hafnar. Skipulagsstofnun bendir á að komi fram áform um frekari uppbyggingu utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis gæti slík uppbygging kallað á málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. desember 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Húnaþing vestra, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og Náttúruvernd ríkisins